

Afrekshundur ársins 2018 – Svarthamars Högna

Ræktendur: Eva kristinsdóttir/Guðmundur R.Ásgeirsson



Um afrek Högnu

Högna byrjaði að koma í pössum til okkar um 7 mánaða aldur og aftur um 11 mánaða og í þau skipti tókum við eftir því að hennar hegðun breyttist þannig að þegar dóttir mín fékk flog þá rápaði Högna á milli okkar þangað til við vorum komin til hennar og einnig á nóttinni veður hún mig með að taka létt utan um hendina a mér ef ég verð ekki strax vör við að dóttir mín er í flogi. Dóttir mín er 12 ára stúlka með litningagalla sem veldur illvígri flogaveiki. Högna er alkomin til okkar rúmlega árs gömul og hefur aldrei fengin neina þjálfun í að greina flog hjá fólki. Við þökkum fyrir að hafa hana hjá okkur því fyrir utan að hún passi vel upp á d'óttur okkar þá hefur hún tvisvar bjargað lífi hennar, í bæði skipin var hún inni í sínu herbergi að horfa á mynd og fékk svokallað grandmal flog en ég var frammi að sinna systkinum hennar þegar Högna kemur alveg óð fram og geltir sem hún er ekki vön að gera og fer ég a eftir henni inn til stelpunnar þar sem hún liggur helblá í framan af súrefnisleysi og hreyfingarlaus. Í seinna skiptið var sama sagan nema þegar Högna var búin að gelta þá tekur hún með tönnum í ermina hjá mér og togar. Ef Högna hefði ekki verið hjá okkur þá þarf ekki að spyrja að leikslukum. Högna er sjálfærð í flogagreiningu og valdi sér það hlutverk að passa uppá og vera besti vinur 12 ára gamallar stúlku.

Við erum henni ávallt þakklát og endalaust stolt af fjórfætta heimilismeðliminum okkar.